

---

Birt: 2025-01-06 12:26:46 CET

SJÓVÁ

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. - Boðun hluthafafundar

## Sjóvá: Tilnefningarnefnd Sjóvár auglýsir eftir framboðum til stjórnar

Tilnefningarnefnd Sjóvá-Almennra trygginga hf. auglýsir eftir framboðum og tilnefningum til stjórnar Sjóvár vegna aðalfundar félagsins sem haldinn verður fimmtudaginn 13. mars 2025.

Frestur til að skila inn framboðum og tilnefningum sem hljóta eiga umfjöllun tilnefningarnefndar er til loka **mánudagsins 20. janúar 2025**. Tilkynning um framboð skal vera á sérstöku eyðublaði sem hægt er að nálgast á vefsvæði félagsins á slóðinni

<https://www.sjova.is/frambod-til-stjornarsetu/> og skal skila á netfangið [tilnefningarnefnd@sjova.is](mailto:tilnefningarnefnd@sjova.is).

Almennur framboðsfrestur til stjórnar er fimm sólarhringum fyrir aðalfund. Starfsemi tilnefningarnefndar takmarkar ekki heimild frambjóðenda til að skila inn framboðum til stjórnar fram að því tímamarki, en nefndin ábyrgist ekki að lagt verði mat á framboð sem berast þeim eftir 20. janúar 2025. Nefndin áskilur sér þó rétt til að endurskoða tillögu þá sem birt verður samhliða aðalfundarboði og verður endurskoðuð tillaga þá birt a.m.k. tveimur dögum fyrir aðalfund.

Mat nefndarinnar og tilnefning frambjóðenda til stjórnarsetu verður kynnt samhliða aðalfundarboði sem birt verður skemmst þremur vikum fyrir aðalfund.

---

Company News   European Market Activity  
Subscribe   Nasdaq Europe



© 2025, Nasdaq, Inc. All Rights Reserved.